

Borgarráð

Svör við fyrirspurnum SÍ varðandi útvistun verkefna hjá Reykjavíkurborg

Í borgarráði voru lagðar fram eftirtaldar fyrirspurnir Sósíalistaflokks Íslands 30. ágúst sl. varðandi útvistun hjá Reykjavíkurborg:

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um útlitun á umfangi útvistunar - R18060137

Hver er skýr útlitun á umfangi útvistunar, verktasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að? Þ.e.a.s hver er fjöldi starfsfólks sem starfar í gegnum verktaka og/eða starfsmannaleigur?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um upphæð greiðslu fyrir þjónustu útvistunar verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleigur - R18060137

Hvaða upphæð greiddi Reykjavíkurborg fyrir þjónustu útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleigur í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að árið 2017? En það sem af er ári 2018? Hver er umrædd upphæð sem greitt er fyrir þessa þjónustu í samanburði við launakostnað þeirra starfsmanna sem eru ráðnir beint inn í stofnanir og fyrirtæki á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um þróun á umfangi útvistunar verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu síðustu 10 ár - R18060137

Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu Reykjavíkurborgar í gegnum starfsmannaleigur, síðustu tíu árin? Hefur það færst í aukana að leitað sé til útvistunar, verktakasamninga og starfsmannaleiga? Ef svo er, hvenær urðu verktakasamningar og/eða starfsmannaleigur algengari?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um yfirlýsingu fyrir bjóðendum í verk hjá Reykjavíkurborg - R18060137

Vísað er til þess sem fram kemur í umsögn fjármálaskrifstofu um að ábyrgð á eftirliti sé ávallt hjá viðkomandi kaupanda sem er eigandi samningsins. Er eftirlitið með framangreindu virkt? Hvar er þá hægt að nálgast niðurstöður slíks eftirlits?

Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að svara ofangreindum fyrirspurnum.

Hér fylgja svör við fyrirspurnunum:

1. Borgarsjóður (A-hluti) hefur ekki gert samninga við starfsmannaleigur síðastliðin 10 ár. Þetta er staðfest í eftirlitskönnun FMS í bókhaldi borgarinnar. Samkvæmt samanburði á birgjareikningum í bókhaldi borgarinnar 20017 og 2018 og skráum Vinnumálastofnunar yfir starfsmannaleigur hafa engin kaup verið gerð við starfsmannaleigur á þessu tímabili og engar greiðslur gerðar til slíkra aðila.
2. Borgarsjóður (A-hluti) gerir ekki verktakasamninga við launfólk. Dæmi eru um verktakasamninga við einstaklinga sem hafa hætt störfum vegna töku lífeyris en hafa sinnt áfram tímabundið verkefnum sem þeir hafa haft sérþekkingu á. Þá eru líka dæmi um samninga við einstaklinga sem



verktaka sem stýra tímabundið verkefnum t.d. á sviði upplýsingatækni. Þarna er ekki um að ræða verktakasamninga við launafólk.

- Borgarsjóður (A-hluti) hefur útvistað hluta af mótuneytisþjónustu hjá stofnunum borginnar. Megin ástæða þess er mikill og vaxandi skortur á kokkum og matráðum í mótuneytisþjónustu. Mótuneytisþjónustu í stjórnsýsluhúsum borgarinnar, þ.e. Ráðhúsi og á Höfðatorgi, hefur verið útvistað með verktakasamningum við Múlakaffi ehf frá 2016 (sjá umfang í fjárhæðum í töflu 1).

Tafla 1:

VERKTAKASAMNINGAR VEGNA MÖTUNEYTIÞJÓNUSTU Í STJÓRNSÝSLUHÚSUM				
	Heildarviðskipti			
	2017	2018 *	2016-2018	2008-2018
Stjórnsýsluhús				
Múlakaffi ehf	111.709.950	89.311.180	246.855.330	246.855.330
* Jan- 22 okt 2018				

Í þessum mótuneytum starfa sjö manns hjá verktaka, þar af er einn starfsmaður sem vann í mótuneytinu þegar borgin rak það. Flestum starfsmönnum borgarinnar bauðst starf hjá verktaka í tengslum við þessar breytingar og þáðu tveir starfsmenn boðið. Áður unnu hjá borginni átta til níu manns í umræddum mótuneytum. Í töflu 2 eru sýnt yfirlit yfir launakostnað borgarrekinnna mótuneyta í stjórnsýsluhúsum, Ráðhúsi og Höfðatorgi.

Tafla 2:

YFIRLIT YFIR LAUNAÚTGJÖLD VEGNA STARFSMANNA Í A HLUTA Á SVIÐI MÖTUNEYTIÞJÓNUSTU					
	Launakostnaður (laun og launatengd gjöld)				
	2013	2014	2015	2016	2008-2014
Stjórnsýsluhús					
Ráðhús	12.382.934	6.162.062			29.868.206
Höfðatorg	23.943.058	29.204.136	29.557.056	31.994.879	114.699.129
Alls	36.328.005	35.368.212	29.559.071	31.996.895	144.567.335

Tafla 2 sýnir launaútgjöldin þann tíma sem borgin var sjálf að öllu leyti eða að hluta með mótuneytin.

Fjármálaskrifstofa hefur kallað eftir upplýsingum frá verktaka sem staðfesti að starfsmenn hans njóti ekki lakari kjara en þeim ber samkvæmt útboðsskilmálum, sem verktakinn staðfesti í tengslum við tilboðsgerð, og lögum. Sérfræðingur fjármálaskrifstofu í kjarasamningum fékk tækifæri til að yfirfara launaseðla allra starfsmanna sem hér um ræðir fyrir þriggja mánaða tímabil á þessu ári og gat gengið úr skugga um að ekki væri hallað á starfsmenn m.v. ofangreinda skilmála.

Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur útvistað mótuneytisþjónustu í vaxandi mæli á síðustu árum, einkum vegna skorts á fagfólki. Fjögur fyrirtæki hafa sinnt þessari þjónustu fyrir SFS, þ.e. ISS, Sölufélag Garðyrkjumanna, Skólamatúr og Eldhús sælkerans. Þrettán leikskólar og tveir grunnskólar kaupa þessa þjónustu í dag (sjá umfang í fjárhæðum í töflu 3).



Tafla 3:

VERKTAKASAMNINGAR VEGNA MÖTUNEYTIÞJÓNUSTU Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI				
	Heildarviðskipti			
	2017	2018 *	2016-2018	2008-2018
Skólamatur ehf	104.434.304	70.029.054		311.320.883
Eldhús sælkerans ehf	16.262.984	9.421.391		274.563.253
Sölufélag garðyrkjumanna	23.350.925	131.051.881		154.402.806
ISS	219.360.461	60.688.357		405.619.039
Alls	475.120.641	360.501.863		1.392.761.311
* Jan- 22 okt 2018				
Kostn.st. SFS, lykklar 5162 Fæðis kaup og matarbakkar (starfsmenn) og 5281 Keyptar veitingar, máltíðir og matarbakkar (nemendur)				

Fjármálaskrifstofa hefur kallað eftir upplýsingum frá verktökum SFS sem staðfesti að starfsmenn þeirra njóti ekki lakari kjara en þeim ber samkvæmt lögum. Skýr svör liggja enn ekki fyrir. Þar sem það var ekki skylt í útboðsgögnum vegna umræddra samninga að veita þessar upplýsingar, er rétt að benda á að hlutaðeigandi stéttarfélag á lögvarinn rétt á upplýsingum um þetta efni, þ.e. hvort starfsmenn njóta lögbundinna lágmarksréttinda.

- Borgarsjóður hefur útvistað hluta af ræstingarþjónustu hjá stofnunum borginnar. Í stjórnsýsluhúsum borgarinnar, þ.e. Ráðhúsi og á Höfðatorgi, hefur verið útvistað með verktakasamningum. Í töflum 4 og 5 er sýnt umfang þessara samninga í fjárhæðum.

Tafla 4:

VERKTAKASAMNINGAR VEGNA RÆSTINGARÞJÓNUSTU Í STJÓRNSÝSLUHÚSUM				
	Heildarviðskipti (án vsk)			
	2017	2018 *	2016-2018	
Stjórnsýsluhús				
ISS / Dagar hf	25.715.666	23.822.627		47.117.578
* Jan- 22 okt 2018				

Við ræstingar starfa fimm manns hjá verktaka en fyrir daga núverandi verktaka í ræstingum var annar verktaki með verkið og hjá honum störfuðu einnig fimm starfsmenn.

Fjármálaskrifstofa hefur kallað eftir upplýsingum frá verktakanum sem staðfesti að starfsmenn þeirra njóti ekki lakari kjara en þeim ber samkvæmt lögum. Verktakinn hefur staðfest við fjármálaskrifstofu að allir starfsmenn fyrirtækisins fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og að aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Þá liggur fyrir staðfesting á að fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun.

Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur útvistað ræstingarþjónustu í vaxandi mæli á síðustu árum. Tvö fyrirtæki hafa einkum sinnt þessari þjónustu fyrir SFS, þ.e. Dagar/ISS og Hreint hf, sem sinna ræstingu í 59 leikskólum og einni frístundamiðstöð. Umfang þessara viðskipta er sýnt í töflu 5 í fjárhæðum:

Tafla 5:

VERKTAKASAMNINGAR VEGNA RÆSTINGARÞJÓNUSTU Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI				
	Heildarviðskipti (án vsk)			
	2017	2018 *	2016-2018	2008-2018
Hreint ehf.	60.260.100	58.207.880		277.139.912
Dagar hf	221.615.686	182.272.937		1.552.638.495
Alls	307.595.486	264.303.444	47.117.578	1.829.778.407
* Jan- 22 okt 2018				



Fjármálaskrifstofa hefur kallað eftir upplýsingum frá báðum verktökunum sem staðfesti að starfsmenn þeirra njóti ekki lakari kjara en þeim ber samkvæmt lögum. Hér að ofan komu fram viðbrögð verktakans Daga/ISS.

Verktakinn Hreint hefur staðfest við fjármálaskrifstofu að allir starfsmenn fyrirtækisins fá laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni og skírskotaði til þess að fyrirtækið hefur Svansvottun en til að hljóta slíka vottun þarf fyrirtæki m.a. að virða lög, reglur og kjarasamninga.

5. Akstursþjónusta: Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur alltaf keypt akstursþjónustu frá þriðja aðila. Sex fyrirtæki hafa sinnt akstursþjónustunni fyrir SFS sl. 10 ár: Strætó, Hópfærðamiðstöðin, Magnús Ólafsson/Tungufoss /Móbílar, Teitur Jónasson og Hópbílar. Heildarviðskipti 2008 – 2018 (ágúst) eru 2.862 mkr.

YFIRLIT YFIR VERKTAKASAMNINGA Í A HLUTA Á SVIÐI AKSTURSÞJÓNUSTU				
		Heildarviðskipti (án vsk)		
		2017	2018 *	2008-2018
SFS				
	Hópfærðamiðstöðin ehf	138.788.302	101.357.317	1.198.261.997
	Hópbílar hf.	5.275.800	3.233.600	32.893.567
	Teitur Jónasson hf	4.247.550	5.593.172	42.580.704
	Alls	148.313.669	110.184.089	1.273.736.268
*	Jan- 22 okt 2018			
	Kostnaðarstaðir SFS, lykill 5414 Hópfærðabílar.			

6. **Faxaflóahafnir:** Félagið er ekki með verktakasamninga við starfsfólk sem starfar fyrir fyrirtækið og hafa aldrei nýtt sér þjónustu starfsmannaleiga. Allir ráðnir starfsmenn fyrirtækisins vinna samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélag. Félagið er með verksamning við ræstingar fyrirtæki vegna ræstingar í Hafnarhúsinu og verktakasamninga við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd í Gömlu höfninni og Sundahöfn vegna komu skemmtiferðaskipa en tímabil þeirrar starfsemi er frá lokum maí til loka október ár hvert. Til ársins 2015 var í gildi samningur við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd á Grundartanga, en fjórir starfsmenn sem því verkefni sinntu voru færðir til Faxaflóahafna sf. og vinna samkvæmt kjarasamningi við Verkalýðsfélag Akraness. Öryggisfyrirtæki leggur til starfsfólk í afleysingar á Grundartanga, en þá taka afleysingastarfsmenn sömu laun og starfsmenn Faxaflóahafna sf.

Sjá ennfremur bréf hafnarstjóra dagsett 22. október 2018 í viðauka.

7. **Félagsbústaðir:** Félagið gerir hvorki verktakasamninga við launafólk né samninga við starfsmannaleigur en hefur í undantekningartilvikum nýtt sér þjónustu starfsmannaleigu við afmörkuð tímabundin verkefni, þ.e. útburði og búslóðaflutninga þegar starfsmenn eru í sumarfríum.
8. **SORPA:** Félagið nýtir engar starfsmannaleigur og hefur aldrei gert. Verktakagreiðslur eru einungis inntar af hendi til fyrirtækja sem unnið hafa útboð á vegum SORPU bs. eða iðnaðarmenn í smærri verkum sem stundum eru einyrkjar en þó oftast fyrirtæki með fáeina starfsmenn. Engir verktakasamningar eru við launafólk. Í nýrri útboðum SORPU eru settar fram sömu kröfur um keðjuábyrgð verktaka eins og gert er í samningum Reykjavíkurborgar.



9. **Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:** Hjá SHS starfa ríflega 180 manns í fullu starfi á vöktum og í dagvinnu á fjórum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn á vöktum sinna slökkvistörfum og sjúkraflutningum, starfsmenn í dagvinnu eldvarnaeftirliti, ráðgjöf, viðhaldi, fjármálum, mannauðsmálum, tölvumálum og stjórnun. Allir þessir starfsmenn eru ráðnir launþegar SHS. Útvistun og verktaka starfa hjá SHS snýr að ræstingu, símsvörun og þjónustu í mötuneyti. Allar neðangreindar upphæðir eru án vsk.

Ræsting: Verktakar sjá um daglega ræstingu á starfsstöðvum SHS samkvæmt samningum þar um. Annars vegar er um að ræða fyrirtækið Örtækni sem er í eigu Öryrkjabandalags Íslands, en það sér um ræstingu slökkvistöðvanna í Skógarhlíð í Reykjavík og Skútahrauni í Hafnarfirði. Sex starfsmenn sinna þar ræstingum í hlutastarfi, í 3-4 tíma á morgnana. Samningurinn nefnir ekki kjör eða réttindi starfsmanna en Öryrkjabandalagið stendur vörð um réttindi fatlaðs fólks og því berum við fullt traust til þeirra hvað varðar kjör þeirra eigin starfsmanna. SHS greiðir Örtækni 1.430.574 kr./mán. fyrir þjónustuna og taka greiðslur hækkunum í samræmi við almennar launahækkanir. Hins vegar sér einstaklingur um ræstingar á slökkvistöðvunum á Tunguhálsi í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Sá aðili hefur sinnt því starfi í verktöku sl. 18 ár og sinnir því nú að meðaltali í um 8 klst./dag og fær fyrir það um 411 þús. kr./mán. Þessi verktaki er í VR og gætir sjálfur að eigin réttindum, í samningi við SHS eru þau ekki tilgreind. Verktakagreiðslurnar taka hækkunum í samræmi við kjarasamninga.

Símsvörun fyrir SHS hefur verið útvistað sl. 15 ár, eða frá því að stofnað var félag um rekstur björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, Rekstrarfélag leigjenda. Rekstur þjónustuvers er liður í þeim samrekstri, en Slysavarnafélagið Landsbjörg er vinnuveitandi starfsmanna í þjónustuveri. Stöðugildi eru eitt og hálf og fyrir það greiðir rekstrarfélagið 885.280 kr./mán. Starfsmennirnir eru í VR og njóta kjarasamningsbundinna réttinda.

Þjónusta í mötuneyti: Rekstrarfélag leigjenda í Skógarhlíð rekur mötuneyti fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana björgunarmiðstöðvarinnar og þar starfar einn starfsmaður í hálfu starfi. Múlakaffi sér um þessa þjónustu í verktöku, viðkomandi starfsmaður er launþegi hjá þeim. Samningur rekstrarfélagsins við Múlakaffi kemur ekki inn á kjör eða réttindi starfsmannsins og við höfum ekki kynnt okkur þau. Mánaðarlegar greiðslur taka mið af neysliverðsvisitölu og eru í dag 188.410 kr.

Sjá ennfremur bréf slökkviliðsstjóra dagsett 22. október 2018 í viðauka.

10. **STRÆTÓ bs.:** Strætó gerir samninga um aðkeyptan akstur Strætó, aðkeyptan akstur vegna ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra og aðkeypta ræstingarþjónustu á grundvelli formlegra útboða.

	1.1-31.12.17	1.1.-30.6.18
Aðkeyptur akstur Strætó	2.184.775.130	1.297.689.885
Aðkeyptur akstur Ferðaþjónusta fatlaðra og aldraðra	1.515.676.233	808.282.006
Ræstingarkostnaður	18.874.468	11.042.638

Strætó hefur nýtt sér starfsmannaþjónustu við að útvega starfsfólk en allt starfsfólk sem vinnur hjá Strætó er beint með ráðningarsamning við fyrirtækið og tekur laun og réttindi skv. kjarasamning Strætó við starfsamannafélag Reykjavíkurborgar eða FIT.

Sjá ennfremur bréf framkvæmdastjóra dagsett 5. nóvember 2018 í viðauka.



11. Eftirlitsaðgerðir fjármálaskrifstofu með áhrifum útvistunar á kjör starfsmanna:

Í svari fjármálaskrifstofu við fyrri fyrirspurn kom fram að Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti 29. apríl 2016 reglur um keðjuábyrgð sem skuldbinda verktaka til að tryggja fólki lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum. Kvöð hefur verið á bjóðendum í flest verk hjá Reykjavíkurborg frá þeim tíma að undirrita eftirfarandi yfirlýsingu um leið og þeir skila tilboði sínu:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Eins og segir í fyrra svari fjármálaskrifstofu er ábyrgð á eftirliti með þessu sem öðru hjá viðkomandi kaupanda, þ.e. sviði eða stofnun sem er eigandi samningsins. Eftir samráð við fyrirsprjanda var ákveðið að leggja áherslu á að ganga úr skugga um hvort brotið væri á starfsmönnum í mötuneytis-, ræstingar- og akstursþjónustu. Fjármálaskrifstofa sendi í framhaldinu bréf 13. sept sl. til skrifstofu rekstrar og þjónustu, skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, Strætó og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins:

„Vísað er í fyrirspurn fjármálaskrifstofu til sviðsins sem send var 18. júlí sl. og svar (nafn dags. xx. ágúst sl). Við nánari skoðun á efninu og eftir yfirferð með fyrirsprjanda, borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands hefur fyrri fyrirspurn verið sameinuð í þá fyrirspurn sem nú er send félaginu.

Lagðar hafa verið fram í borgarráði fyrirspurnir og tillögur (sjá fskj. 1) varðandi kjör starfsmanna sem vinna sem verktakar og kjör starfsmanna sem koma frá starfsmannaleigum. Tilfnið er að ganga úr skugga um hvort brotið sé á umræddum einstaklingum varðandi kjör og réttindi þeirra. Fyrirsprjandi leggur áherslu á að fá upplýsingar sem tengjast ræstingum, mötuneytisþjónustu og akstursþjónustu.

Áskilið er í útboðslýsingum borgarinnar í samningum við þriðja aðila um mötuneytisþjónustu og ræstingarþjónustu að starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka hans, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Ennfremur segir þar: Hvenær sem er á samningstíma mun seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. (sjá fskj.2). Þá ber að geta þess að í lögum eru skýr ákvæði sama efnis, sbr. lög nr. 55/1980 um lágmarkskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda m.s.b. og lög nr. 139/2005 um starfsmannaleigur m.s.b.

Fjármálaskrifstofa óskar eftir upplýsingum og staðfestingum sem sýni fram á að hlutaðeigandi verksalar uppfylli þessi skilyrði. Óskað er upplýsinga á umfangi útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að m.a.:

1. *Hvert er umfang útvistunar í formi verktakasamninga við launafólk og eða samninga um aðkeypta þjónustu starfsmanna sem koma í gegnum starfsmannaleigur á árinu 2017, hver er fjárhæð slíkra samninga og hver er fjöldi starfsfólks sem starfar í gegnum verktaka og/eða starfsmannaleigur?*



2. Hver er umrædd upphæð sem greitt er fyrir þessa þjónustu í samanburði við launakostnað þeirra starfsmanna sem eru ráðnir beint inn í stofnanir og fyrirtæki á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að? Eða m.ö.o. hver er kostnaður við þessa þjónustu í samanburði við þann kostnað sem stofnunin hefði ella borið með ráðningu eigin starfsmanna?
3. Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfsmannaleigur síðustu (10) árin? Hverjar eru helstu ástæður þess að ákvörðun var tekin um að útvista verkefninu í stað þess að vera með eigin starfsmenn.
4. Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfsmannaleigur síðustu tíu árin? Hefur það færst í aukana að leitað sé til útvistunar, verktakasamninga og starfsmannaleiga? Ef svo er, hvenær urðu verktakasamningar og/eða starfsmannaleigur algengari?
5. Hvernig er eftirliti með verktakasamningum og samningum við starfsmannaleigur háttað? Óskað er eftir að gerð sé grein fyrir niðurstöðum slíks eftirlits hjá verkkaupa (svið/stofnun). Hefur verið gerður samanburður á kjörum starfsmanna sem áður unnu störfin við kjör þeirra sem starfa sem verktakar eða í gegnum starfsmannaleigur sem hluta af eftirliti

Ef félagið býr yfir upplýsingum sem þið teljið mikilvægar í þessu samhengi þá væri æskilegt að fá þær enda þótt ekki sé um það spurt sérstaklega.

Með von um skjót viðbrögð,
Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar“

Til að fylgja málinu enn frekar eftir sendi fjármálaskrifstofu 19. sept. sl. meðfylgjandi leiðbeiningar:

Um tilhögun eftirlits með samningsskyldum sem lúta að því að verksala ber að tryggja að kjör og réttindi starfsmanna þess sem framkvæmir þjónustuna (keðjuábyrgð) séu í samræmi við lög og kjarasamninga.

Vegna fyrirspurnar í borgarráði er nú óskað eftir að verkkaupar borgarinnar vegna mötuneytis-, ræsting- ar- og akstursþjónustu kalli eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi verksölum sem sýni fram á að ofangreind- ar skyldur séu uppfylltar, þ.e. að hlutaðeigandi starfsmenn njóti kjara og réttinda í samræmi við lög og kjarasamninga. Kjósi verksali að veita þessar upplýsingar með því að fulltrúi verkkaupa fái að skoða starfsmannagögn hlutaðeigandi starfsmanna þá hentar það fyrirkomulag verkkaupa ágætlega og skal ósk um það gerð strax.

Borgarráð hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu þessara mála í öllum framangreindum samningum. Hér með er óskað eftir gögnum sem sýna að fyrirtæki þitt uppfylli þessar skyldur.

Texti úr útboðsgögnum:

1.2.18 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda:

[Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.]

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags er eftirfarandi ákvæði, grein 14.9:

Reykjavíkurborg mun tilkynna Eflingu – stéttarfélagi bréflaga um þá verktaka, sem gerður er verksam- ingur við, hvar þeir muni starfa og áætluð verklok. Verði þess óskað af hálfu Eflingar – stéttarfélags, munu fyrirvarsmenn Reykjavíkurborgar taka þátt í viðræðum um með hvaða hætti unnt sé að tryggja skil á



iðgjöldum og félagsgjöldum starfsmanna þeirra verktaka, sem gerður er verksamningur við. Standi verktaki ekki í skilum með iðgjöld eða félagsgjöld þeirra er við verkið vinna þrátt fyrir ítrekaðar innheimtu-tilraunir félagsins, mun Reykjavíkurborg, að undangenginni aðvörun til verktaka, beita ákvæðum greinar 32.5 ÍST 30, ef þess er farið á leit af hálfu félagsins og hætta er talin á að tafir verði á verkinu vegna vanskilanna. Með verksamningum er eingöngu átt við samninga um verklegar framkvæmdir þar sem félagsmenn starfa hjá viðkomandi verktaka.

Í tengslum við ofangreindar fyrirspurnir mun fjármálaskrifstofa veita stéttarfélaginu upplýsingar um gilda verksamninga til að tryggja framkvæmd á ofangreindu samningsákvæði.

12. Niðurstaða

Könnun fjármálaskrifstofu á framkvæmd útvistunar hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum í meirihluta-eigu borgarsjóðs leiðir fram að útvistun er fyrst fremst beitt við framkvæmdir s.s. byggingu fasteigna og samgöngumannvirkja þar sem verkefni eru boðin út. Í innkaupaferlum vegna þjónustu og framkvæmda er almennt beitt ákvæðum um keðjuábyrgð. Útvistun er í fremur litlum mæli beitt í rekstri eins og umsögnin hér að ofan sýnir og það verður alls ekki séð að útvistun sé beitt hjá borgarsjóði eða fyrirtækjum í eigu borgarsjóðs sem tæki til að lækka kjör starfsmanna eða skerða réttindi þeirra. Ekki er um neina sýnilega aukningu að ræða í útvistun síðastliðin tíu ár nema í mótuneytisþjónustu sem má rekja til skorts á matráðum og kokkum vegna uppgangs á veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin nær ekki til fyrirtækja sem borgarsjóður er minnihluta eigandi að.

Beðist er velvirðingar hve dregist hefur að svara þessum fyrirspurnum en gagnaöflun hefur tekið lengri tíma en æskilegt er.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Hjálagt

Bréf hafnarstjóra dagsett 22. október 2018

Bréf slökkviliðsstjóra dagsett 22. október 2018

Bréf framkvæmdastjóra Strætó bs dagsett 5. nóvember 2018

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar
b.t. Birgis Björns Sigurjónssonar
fjármálastjóra

Reykjavík 22. október 2018

Efni: Viðbótarsvar við tölvupósti dags. 18.7.2018 varðandi útvistun og verktakasamninga við starfsfólk.

Vísað er til tölvupósts dags. 21.10. s.l. varðandi ósk um frekari upplýsingar vegna bréfs Faxaflóahafna sf. dags. 23. júlí s.l. þar sem gerð er grein fyrir umfangi útvistunar verkefna á vegum fyrirtækisins. Í tölvupóstinum er óskað eftir frekari upplýsingum við eftirfarandi spurningum og fylgja svör undir hverjum lið:

1. *Hvert er umfang útvistunar í formi verktakasamninga við launafólk og eða samninga um aðkeypta þjónustu starfsmanna sem koma í gegnum starfsmannaleigur á árinu 2017, hver er fjárhæð slíkra samninga og hver er fjöldi starfsfólks sem starfar í gegnum verktaka og/eða starfsmannaleigur?*

Svar: Faxaflóahafnir sf. eru ekki með verktakasamninga við starfsfólk sem starfar fyrir fyrirtækið og hafa aldrei nýtt sér þjónustu starfsmannaleiga. Allir ráðnir starfsmenn fyrirtækisins vinna því samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага. Föst stöðugildi eru 67, en með sumarstörfum og afleysingum eru ársverk ráðinna starfsmanna um 77.

Faxaflóahafnir sf. eru með verksamning við ræstingarfyrirtæki vegna ræstingar í Hafnarhúsinu og verktakasamninga við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd í Gömlu höfninni og Sundahöfn vegna komu skemmtiferðaskipa, en tímabil þeirrar starfsemi er frá lokum maí til loka október ár hvert. Af skipum sem þurfa gæslu vegna farþegaverndar er innheimt gjald til að mæta kostnaði.

Til ársins 2015 var í gildi samningur við öryggisfyrirtæki um hafnarvernd á Grundartanga, en fjórir starfsmenn sem því verkefni sinntu voru færðir til Faxaflóahafna sf. og vinna samkvæmt kjarasamningi við Verkalýðsfélag Akraness. Öryggisfyrirtæki leggur til starfsfólk í afleysingar á Grundartanga, en þá taka afleysingastarfsmenn sömu laun og starfsmenn Faxaflóahafna sf. Á Grundartanga er vakt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Af flutningum um Grundartangahöfn er tekið farmverndargjald sem stendur undir kostnaði við vöktun.

Kostnaður vegna framangreindra verkefna án virðisaukaskatts árið 2017 er:

- a) Vegna öryggisgæslu skipa: kr. 29.092,818.
 - b) Vegna afleysinga á Grundartanga kr. 7.369.914.
 - c) Vegna ræstingar – með efniskostnaði: kr. 5.431.479.
2. *Hver er umrædd upphæð sem greitt er fyrir þessa þjónustu í samanburði við launakostnað þeirra starfsmanna sem eru ráðnir beint inn í stofnanir og fyrirtæki á vegum Reykjavíkurborgar og félagum sem borgin á hlut að? Eða m.ö.o. hver er kostnaður við þessa þjónustu í samanburði við þann kostnað sem stofnunin hefði ella borið með ráðningu eigin starfsmanna?*
Svar: Samkvæmt svari við tölulíð 1 er um tvenns konar verktakasamninga að ræða: Annars vegar öryggisgæslu og hins vegar ræstingu í Hafnarhúsi. Hvað öryggisgæsluna varðar er um að ræða verkefni vegna komu farþegaskipa sem spannar tímabilið frá lokum maímánaðar fram til seinni hluta októbermánaðar. Umfang verkefnanna ræðst af fjölda skipa og

tilfallandi verkefna sem kalla á öryggisgæslu. Starfsfólk í þessum verkefnum þurfa að hafa tilskilin réttindi samkvæmt svonefndum ISPS reglum, lögum samkvæmt. Ástæða þess að samið er við öryggisfyrirtæki er að um er að ræða tímabundin verkefni, annars vegar innan ársins og hins vegar á mismunandi vikudögum. Því er það betri kostur að kalla til sérhæft fólk í þessi verkefni fremur en að ráða fólk til þeirra starfa með beinu ráðningarsambandi.

Í því tilviki að Faxaflóahafnir réðu til sín starfsmenn til að sinna öryggisgæslu skipa þá er kostnaður við starf hafnarvarðar (vaktavinna) með öllum launatengdum gjöldum um 13,3 mkr. Miðað við aðkeypta vinnu dygði sá kostnaður í liðlega 2 heilsárs stöðugildi eða 4 sex mánaða stöðugildi. Komur farþegaskipa árið 2017 voru 135 og til að manna þau gæsluverkefni sem þeim fylgja þarf um 15 til 20 manns.

Varðandi ræstingar í Hafnarhúsinu þá er um að ræða hlutastarf, sem unnið er utan daglegs vinnutíma. Beinn kostnaður við 50% starf (utan dagvinnu) myndi kosta með launatengdum gjöldum og afleysingum um 4,5 mkr. á ári.

3. *Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfsmannaleigur síðustu (10) árin? Hverjar eru helstu ástæður þess að ákvörðun var tekin um að útvista verkefninu í stað þess að vera með eigin starfsmenn.*

Svar: Faxaflóahafnir sf. eru ekki með neina samninga við starfsmannaleigur og hafa aldrei verið. Faxaflóahafnir sf. hafa eingöngu verið með verktakasamninga vegna öryggisgæslu og ræstinga. Auk öryggisgæslunnar hafa Faxaflóahafnir sf. samið við öryggisfyrirtæki um vöktun öryggiskerfa hafnarinnar. Engin sérstök þróun hefur verið í verktakasamningum á þessu sviði, en verkefnin ráðist af umfangi hvers árs.

4. *Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfsmannaleigur síðustu tíu árin? Hefur það færst í aukana að leitað sé til útvistunar, verktakasamninga og starfsmannaleiga? Ef svo er, hvenær urðu verktakasamningar og/eða starfsmannaleigur algengari?*


Svar: Sjá svar við tölulíð 3.

5. *Hvernig er eftirliti með verktakasamningum og samningum við starfsmannaleigur háttað? Óskað er eftir að gerð sé grein fyrir niðurstöðum slíks eftirlits hjá verkkaupa (svið/stofnun). Hefur verið gerður samanburður á kjörum starfsmanna sem áður unnu störfin við kjör þeirra sem starfa sem verktakar eða í gegnum starfsmannaleigur sem hluta af eftirliti*


Svar: Eftirlit með samningum um öryggisgæslu á hafnarsvæðum er í höndum umhverfis- og öryggisfulltrúa fyrirtækisins. Eftirlit með samningi um ræstingu í hafnarhúsinu er í höndum forstöðumanns rekstrardeildar.

Árið 2015 var samanburður gerður á kjörum starfsmanna verktaka í gæslu á Grundartanga miðað við kjarasamninga. Það var gert í tengslum við rekstraröryggi gæslunnar. Niðurstaðan var sú að slíta samstarfi um aðkeypta vinnu, en ráða starfsmennina til hafnarinnar, sem var þeim hagstætt.

Virðingarfyllt,



Gísli Gíslason, hafnarstjóri



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
b/t Birgis Björns Sigurjónssonar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2018

Varðar: Fyrirspurn varðandi útvistun verkefna hjá Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis fjármálaskrifstofu 13. september sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum og staðfestingum sem sýni fram á að verksalar útvistaðrar þjónustu hjá SHS greiði starfsmönnum sínum laun og búi þeim starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Jafnframt er óskað upplýsinga um umfang útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleigur hjá SHS.

1. *Hvert er umfang útvistunar í formi verktakasamninga við launafólk og/eða samninga um aðkeypta þjónustu starfsmanna sem koma í gegnum starfsmannaleigur á árinu 2017, hver er fjárhæð slíkra samninga og hver er fjöldi starfsfólks sem starfar í gegnum verktaka og/eða starfsmannaleigu?*

Vísað er til fyrra minnisblaðs SHS, dags. 26. júlí 2018, varðandi málið, sjá meðfylgjandi. Alls er um einn starfsmann í fullu starfi og sex í hálfu starfi að ræða við ræstingar skv. samningum við SHS, einn starfsmann í hálfu starfi í mötuneyti og eitt og hálfst stöðugildi í þjónustuveri skv. samningum við Rekstrarfélag leigjenda í Skógarhlíð (húsfélag, SHS greiðir hluta af kostnaðinum).

2. *Hver er umrædd upphæð sem greitt er fyrir þessa þjónustu í samanburði við launakostnað þeirra starfsmanna sem eru ráðnir beint inn í stofnanir og fyrirtæki á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að? Eða m.ö.o. hver er kostnaður við þessa þjónustu í samanburði við þann kostnað sem stofnunin hefði ella borið með ráðningu eigin starfsmanna?*

SHS hefur ekki upplýsingar um hver launakostnaður starfsmanna í sambærilegum stöðum hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar er og getur því ekki borið hann saman við kostnað sinn vegna þessarar þjónustu. Líklegt er að launakostnaður SHS vegna ræstingarþjónustu væri lægri ef stofnunin hefði kosið að ráða eigin starfsmenn, ef tekið er mið af Eflingartöxtum. Á móti kæmi þó ýmiss afleiddur starfsmannakostnaður, svo sem við tryggingar, niðurgreiddan mat o.fl., auk þess sem stöðugildi þyrftu að vera fleiri vegna afleysinga.

3. *Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfs-mannaleigur síðustu (10) árin? Hverjar eru helstu ástæður þess að ákvörðun var tekin um að útvista verkefninu í stað þess að vera með eigin starfsmenn.*

Ræstingar hjá SHS hafa verið í höndum verktaka frá upphafi og frá því fyrir stofnun þess. Sömu verktakar hafa sinnt ræstingum hjá okkur í bráðum 18 ár. Fljótlega eftir stofnun var ákveðið fyrir þrýsting frá eigendum að gera samning við Öryrkjabandalagið um ræstingu í Skógarhlíð. Hefur frá byrjun verið litið á það góða samstarf sem samfélagslega ábyrgt verkefni og leggjum við mikið uppúr því að viðhalda því. Flestir starfsmanna Örtækni hafa unnið við ræstingu hjá SHS í fjölda ára.

Samningur Rekstrarfélags leigjenda í Skógarhlíð 14 (húsfélagsins) við Múlakaffi um rekstur mötuneytis fyrir stofnanir hússins felur í sér að Múlakaffi útvegar starfsmann til þess að sjá um að taka til hádegismat og ganga frá eftir hann. Múlakaffi reynir að hafa fastan starfsmann hjá okkur. Tekin var ákvörðun um þetta rekstrarform þegar húsfélagið var stofnað 2003 eftir að húsnæðið í Skógarhlíð var stækkað, fleiri aðilar fluttu inn og Björgunarmiðstöðin varð til.

Rekstur á þjónustuveri Rekstrarfélags leigjenda hefur tekið ýmsum breytingum frá því hann hófst fyrir 15 árum. Upphaflega var ráðinn hjá rekstrarfélaginu fastur starfsmaður í þjónustuverið og fljótlega urðu þeir tveir. Verkefni þjónustuversins áttu að vera umfangsmeiri en reyndin síðar varð og þótti mönnum starfsmennirnir ekki nýtast vel, auk þess sem ágreiningur var um afleysingar. Þá var ákveðið að starfsmennirnir yrðu launþegar einnar stofnunar í húsinu sem myndi þar með sinna rekstri þjónustuversins í verktöku. Síðar var gerður samningur við ritarþjónustu, en það þótti ekki gefast eins vel og að hafa starfsmenn þjónustuvers launþega í húsinu svo nýlega réð Slysavarnafélagið Landsbjörg starfsmennina í vinnu hjá sér og greiða aðrir rekstraraðilar hússins hlutdeild í launakostnaðinum.

4. *Hver er þróun á umfangi útvistunar, verktakasamninga og aðkeyptri þjónustu í gegnum starfs-mannaleigur síðustu tíu árin? Hefur það færst í aukana að leitað sé til útvistunar, verktaka-samninga og starfsmannaleiga? Ef svo er, hvenær urðu verktakasamningar og/eða starfsmanna-leigur algengari?*

Óbreytt.

5. *Hvernig er eftirliti með verktakasamningum og samningum við starfsmannaleigur háttað? Óskað er eftir að gerð sé grein fyrir niðurstöðum slíks eftirlits hjá verkkaupa (svið/stofnun). Hefur verið gerður samanburður á kjörum starfsmanna sem áður unnu störfin við kjör þeirra sem starfa sem verktakar eða í gegnum starfsmannaleigur sem hluta af eftirliti?*

SHS hefur ekki séð ástæðu til þess hingað til að viðhafa slíkt eftirlit. Óskað var eftir staðfestingum frá Örtækni, Múlakaffi og Landsbjörgu á því að laun og starfskjör starfsmanna þeirra væru í samræmi við kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra í samræmi við gildandi löggjöf á sviði vinnuverndar, sjá meðfylgjandi. Við gerum ekki ráð fyrir að leita upplýsinga umfram þær staðfestingar nema þess verði óskað.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Meðfylgjandi:

- Minnisblað SHS um Umfang útivistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í SHS, dags. 26. júlí 2018.
- Staðfesting Örtækni á starfskjörum starfsfólks, dags. 10. október 2018.
- Staðfesting Múlakaffis á starfskjörum starfsmanns, dags. 15. október 2018.
- Staðfesting Slysavarnafélagsins Landsbjargar á starfskjörum starfsmanna, dags. 23. október 2018.

Minnisblað SHS

Efni: Umfang útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í SHS
Viðtakandi: Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Sendandi: Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Dags.: 26. júlí 2018

Í tölvupósti 18. júlí sl. óskaði fjármálastjóri Reykjavíkurborgar fyrir hönd fjármálaskrifstofu eftir viðbrögðum varðandi umfang útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í fyrirtækjum borgarinnar.

Staða mála hjá SHS

Hjá SHS starfa ríflega 180 manns í fullu starfi á vöktum og í dagvinnu á fjórum starfsstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn á vöktum sinna slökkvistörfum og sjúkraflutningum, starfsmenn í dagvinnu eldvarnaeftirliti, ráðgjöf, viðhaldi, fjármálum, mannauðsmálum, tölvumálum og stjórnun. Allir þessir starfsmenn eru ráðnir launþegar SHS.

Útvistun og verktaka starfa hjá SHS snýr að ræstingu, símsvörun og þjónustu í mötuneyti. Allar neðangreindar upphæðir eru án vsk.

Ræsting

Verktakar sjá um daglega ræstingu á starfsstöðvum SHS samkvæmt samningum þar um.

Annars vegar er um að ræða fyrirtækið Örtækni sem er í eigu Öryrkjabandalags Íslands, en það sér um ræstingu slökkvistöðvanna í Skógarhlíð í Reykjavík og Skútahrauni í Hafnarfirði. Sex starfsmenn sinna þar ræstingum í hlutastarfi, í 3-4 tíma á morgnana. Samningurinn nefnir ekki kjör eða réttindi starfsmanna en Öryrkjabandalagið stendur vörð um réttindi fatlaðs fólks og því berum við fullt traust til þeirra hvað varðar kjör þeirra eigin starfsmanna. SHS greiðir Örtækni 1.430.574 kr./mán. fyrir þjónustuna og taka greiðslur hækkunum í samræmi við almennar launahækkanir.

Hins vegar sér einstaklingur um ræstingar á slökkvistöðvunum á Tunguhálsi í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Sá aðili hefur sinnt því starfi í verktöku sl. 18 ár og sinnir því nú að meðaltali í um 8 klst./dag og fær fyrir það um 411 þús. kr./mán. Þessi verktaki er í VR og gætir sjálfur að eigin réttindum, í samningi við SHS eru þau ekki tilgreind. Verktakagreiðslurnar taka hækkunum í samræmi við kjarasamninga.

Símsvörun

Símsvörun fyrir SHS hefur verið útvistað sl. 15 ár, eða frá því að stofnað var félag um rekstur björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, Rekstrarfélag leigjenda. Rekstur þjónustuvers er liður í þeim samrekstri, en Slysavarnafélagið Landsbjörg er vinnuveitandi starfsmanna í þjónustuveri. Stöðugildi eru eitt og hálf og fyrir það greiðir rekstrarfélagið 885.280 kr./mán. Starfsmennirnir eru í VR og njóta kjarasamningsbundinna réttinda.

Þjónusta í mötuneyti

Rekstrarfélag leigjenda í Skógarhlíð rekur mötuneyti fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnana björgunarmiðstöðvarinnar og þar starfar einn starfsmaður í hálfu starfi. Múlakaffi sér um þessa þjónustu í verktöku, viðkomandi starfsmaður er launþegi hjá þeim. Samningur rekstrarfélagsins við Múlakaffi kemur ekki inn á kjör eða réttindi starfsmannsins og við höfum ekki kynnt okkur þau. Mánaðarlegar greiðslur taka mið af neysluverðsvísitölu og eru í dag 188.410 kr.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Það staðfestist hér með að starfsmenn ræstingadeildar Örtækni sem starfa við ræstingar hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. samkvæmt samningi þar um fá laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga Eflingar hverju sinni. Aðstæður þeirra eru í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

Undirritaður lýsir því jafnframt yfir að hvenær sem er á samningstíma getur Örtækni sýnt SHS fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Þess verði ávallt gætt við slíka upplýsingagjöf að ekki verði brotið á rétti starfsmanna til persónuverndar.

Reykjavík, dags. 10. október 2018

sign.

Örtækni
Kt. 631292-2670
Þorsteinn Johannsson

Rekstrarfélag leigjenda
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Það staðfestist hér með að starfsmaður Múlakaffis sem starfar við þjónustu í mötuneyti hjá Rekstrarfélagi leigjenda (RL) í Skógarhlíð 14, samkvæmt samningi þar um, fær laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga Eflingar hverju sinni. Aðstæður starfsmannsins eru í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

Undirrituð lýsir því jafnframt yfir að hvenær sem er á samningstíma geti Múlakaffi sýnt RL fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmanni séu uppfyllt. Þess verði ávallt gætt við slíka upplýsingagjöf að ekki verði brotið á rétti starfsmannsins til persónuverndar.

 **MÚLAKAFFI**
Reykjavík dags. _____
KT. 660772-0229
sign.

15.10.18

Bommató

Rekstrarfélag leigjenda
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Það staðfestist hér með að starfsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem starfa við þjónustu í þjónustuveri hjá Rekstrarfélagi leigjenda í Skógarhlíð 14, samkvæmt samningi þar um, fá laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga VR hverju sinni. Aðstæður starfsmannanna eru í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

Undirritaður lýsir því jafnframt yfir að hvenær sem er á samningstíma geti Landsbjörg sýnt Rekstrarfélagi leigjenda og eigendum þess fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Þess verði ávallt gætt við slíka upplýsingagjöf að ekki verði brotið á rétti starfsmanna til persónuverndar.

Reykjavík, dags.

23.10.2017



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



Til: Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 5. nóvember 2018

Efni: Fyrirspurn varðandi útvistun verkefna hjá Reykjavíkurborg, dagsetta 13. september 2018.

Strætó bs. umfang útvistunar

Akstur Strætó á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2017, skiptist í eigin akstur 54% og akstur verktaka 46%.

- A. Umfang útvistunar á akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2017 var að fjárhæð 2.185 m.kr. og heildarkostnaður við eigin akstur var 2.997 m.kr. með lífeyrisuppgjöri til Brú lífeyrissjóðs, en án lífeyrisuppgjörs 2.791 m.kr., nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi Strætó bs 2017. Launakostnaður vegur um 60% af rekstrarkostnaði hjá Strætó.
- B. Fjöldi stöðugilda verktaka sem sinna akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu voru 145 á árinu 2017.

Útvistun á hluta af akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu hefur viðgengs í mörg og hefur verið á höndum að minnsta kosti tveggja verktaka undanfarin ár.

Allur akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu er á höndum verktaka í dag eða frá 2015. Fyrir árið 2015 hafði Strætó umsjón með akstri fatlaðra í Reykjavík. Aksturinn skiptist á milli aksturs verktaka og eigin aksturs, nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi töflu hér að neðan

- A. Umfang útvistunar á akstri akstursþjónustunnar á árinu 2017 var að fjárhæð 1.516 m.kr.
- B. Fjöldi starfsmanna sem sinna akstrinum var um 100 hjá 19 verktökum.

Almenn ræstingarþjónusta hefur að mestu verið úthýst síðast liðin 10 ár, alfarið frá árinu 2015, en fram að þeim tíma höfuð starfsmenn Strætó sinnt þrifum í yfirvinnu að hluta til. Ástæður fyrir því að fá fagaðila til að sinna ræstingu var að stjórnendur töldu að betur færi að fá fólk með sérþekkingu og betri aðgang að tæki og tólum til að sinna þessum verkþáttum, heldur en þáverandi fyrirkomulag.

- A. Á árinu 2017 var heildarkostnaður við ræstingu húsnæðis 18,9 m.kr.
- B. Ekki liggur fyrir nákvæmur fjöldi stöðugilda.

Þróun á fjárhæða í útvistun síðast liðin 10 ár.

Verktakar - Strætó	Samtals akstur verktaka Strætó höfuðborgarsvæðinu	Samtals verktakar akstursþjónusta fatlaðra	Eigin akstur og annar umsýslu kostnaður	Samtals kostnaður RVK
1.1 - 30.09 2018	1.981.794.102	1.153.220.361	Höfuðborgarsvæðið að undaskildu KÓP, engin eigin akstur	
2017	2.184.775.000	1.515.678.000	Höfuðborgarsvæðið að undaskildu KÓP, engin eigin akstur	
2016	2.057.073.000	1.530.006.000	Höfuðborgarsvæðið að undaskildu KÓP, engin eigin akstur	
2015	1.882.057.815	1.245.153.358	Höfuðborgarsvæðið að undaskildu KÓP, engin eigin akstur	
2014	1.802.400.484	605.964.671	RVK	246.450.341
2013	1.774.811.392	509.134.832	RVK	213.120.600
2012	1.407.635.254	440.979.742	RVK	222.537.776
2011	1.112.971.147	395.701.030	RVK	192.060.441
2010	1.170.374.000	370.341.063	RVK	186.645.114
2009	1.190.641.486	343.603.199	RVK	214.591.487
2008	1.279.554.369			558.194.686

Aðkeypt ræsting og öryggisvarsla		
1.1 - 30.09 2018	14.374.073	Mjódd, kaffistofur og Hesthál
2017	18.874.467	Mjódd, kaffistofur og Hesthál
2016	15.357.435	Mjódd, kaffistofur og Hesthál
2015	11.072.177	Mjódd, kaffistofur og Hesthál
2014	20.816.296	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2013	23.904.756	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2012	23.594.549	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2011	22.338.312	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2010	23.154.232	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2009	24.827.253	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur
2008	26.715.611	Mjódd, kaffiðstofur, Hesthál og Hlemmur

Í útboðsgögnum á akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu og akstri akstursþjónustunnar er ákvæði um að verktakar sem þjóða í aksturinn verða fara að fara að öllu leyti að lögum og reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi. Allir þjóðendur verða að skila fylgigögnum um greiðslustöðu á launatengdum gjöldum og hljóta ekki brautargengi ef slíkt er ekki í skilum.

Strætó eða verktakar eru ekki með neina starfsmenn í gegnum starfsmannaleigur. Strætó hefur nýtt sér þjónustu Elju starfsmannþjónustu ehf. síðast liðin þrjú ár, við ráðningar á starfsmönnum í sumarafleysingar og eru þeir allir launþegar hjá Strætó. Engir starfsmenn eru nú í starfi hjá Strætó á vegum Elju starfsmannþjónustu ehf.

Eftirlit með að samningum við verktaka er á höndum skipulagssviðs Strætó sem Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri veitir forstöðu. Starfsmenn skipulagssviðs ástamt mannauðs- og gæðastjóra Strætó funda mánaðarlega með stjórnendum hjá verktökum þar sem farið yfir ábendingar um að það sem betur má fara í rekstrinum, þar á meðal starfsmannamál. Einnig sinna eftirlistmenn Strætó reglulegt gæðaeftirlit með því að fara í vagnanna og kanna ástand á þeim.

Í útboðsskilmálum og þar af leiðandi hluti samninga um akstur fatlaðs fólks er ákvæði sem bannar undirverktaka. Fylgst er með því að þessi ákvæði séu virt sem og önnur í núverandi samningum.

Hjálagt er yfirlýsing hjá verktökum sem keyra hluta leiða í almenningskerfi höfuðborgarsvæðisins.



Hafnarfjörður, 18.september 2018

Strætó Bs.
Þönglabakka 4
109 Reykjavík

Hr. Jóhannes Svavar Rúnarsson

YFIRLÝSING

Undirritaður staðfestir hér og nú að allir bifreiðastjórar hjá Hópbilum hf kt. 430192-2059 og Hagvögnum hf. 461291-1399 sem vinna við strætóakstur eru á launum samkvæmt kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASI.

Virðingarfyllst,

Pálmar Sigurðsson
Skrifstofustjóri

Hagvagnar hf og Hópbílar hf - Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími: 599 6000

From: Jóhanna Hreiðarsdóttir

Sent: föstudagur, 14. september 2018 16:31

Kynnisferðir:

Subject: AVK - samningar

Vagnstjórar hjá Almenningsvögnum Kynnisferða eru ráðnir skv. kjarasamningi Eflingar og fá greitt skv. launaflokki hópferðabílstjóra (17) og efsta þrepi.

Engir vagnstjórar á vegum starfsmannaleigu starfa né hafa starfað hjá Almenningsvögnum Kynnisferða, eingöngu launamenn.

Jóhanna Hreiðarsdóttir

Mannauðs- og gæðastjóri / HR & Quality Manager

Mobile: +354 779 9204

Office: +354 519 9204

johannah@re.is

Verktakar sem sinna akstri í ferðaþjónustu fatlaðs fólks er óheimilt að vera með undirverktaka á sínum snærum. Reglulega er fylgst með því af hendi Strætó.

Virðingarfyllt.

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.